

**Mál nr. 178/2013**  
**M**  
**og V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.**

**Orsakatengsl vegna mögulegs líkamstjóns í árekstri 11. september 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttengið 10. maí 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V hf. dags. 27. maí 2013.

**Málsatvik.**

Samkvæmt tjonstilkynningu Aðstoðar&Öryggis var bifreiðinni X ekið aftan á bifreið sem M ók þann þann 11. september 2012, en báðum bifreiðum var þá ekið suður Sæbraut í Reykjavík. M hafði stöðvað vegna umferðarljósa og var að taka af stað þegar áreksturinn átti sér stað. Ekki er deilt um ábyrgð eiganda X á tjóni vegna árekstursins eða bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V. Ágreiningur er hvort M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón með vísan til gagna málsins. M hafi leitað strax á slysadeild með einkenni vegna slyssins, mál hennar hafi verið samþykkt sem slys af hálfu Sjúkratrygginga Íslands og læknisvottorð liggja fyrir um einkenni M eftir slysið. M telur að V geti ekki byggt á skýrslu um höggkraft vegna árekstursins þar sem slík skýrsla veiti enga sönnun á ástandi M auk þess sem það komi ekki fram á hvaða verkfræðilegu forsendum skýrslan sé unnin og hvort hún sé unnin af bærum aðilum. Ekki sé heldur hægt að draga almennar ályktanir af skýrslunni heldur verði að skoða hvert mál fyrir sig.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli kvartana M nú og árekstursins 11. september 2012. Gögn málsins sýni minniháttar skemmdir á bifreiðum, einkenni sem M lýsir séu ekki ósvipuð einkennum vegna annarra slysa auk þess sem hún hafi ekki leitað til læknis síðan í september 2012. Einnig er vísað til svokallaðrar PC-crash skýrslu Aðstoðar&Öryggis þar sem kemur fram að þyngdarkraftur sem kom á bifreið M hafi verið 1,26 g. M vísar til dóma héraðsdóms um sambærileg mál og telur að þeir staðfesti að þegar liggur fyrir mæling á þyngdarkrafti sem sé minni en 3 g megi draga þær almennu ályktanir að hverfandi líkur séu á líkamstjóni. Þar sem mæling á þyngdarkrafti vegna áreksturs M hafi verið lægri en 3 g sé hægt að álykta að M hafi ekki hlotið líkamstjón í umræddum árekstri.

**Álit.**

Mat nefndarinnar er liggur í því að meta hvort meiri líkur eða minni eru á því að líkamstjón hafi orðið í árekstrinum 11. september 2012. M leitaði á slysadeild vegna einkenna strax eftir áreksturinn og síðan til heimilislæknis níu dögum síðar þar sem hún lýsir svipuðum einkennum og á slysadeild. Í þeim læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu er að mestu greind frásögn M um einkenni. Þegar metin eru sönnunargögn þessa máls er ljóst að það togast á annars vegar þessar upplýsingar frá M sjálfri og hins vegar niðurstaða skýrslu sem V leggur fram um mjög væga höggkrafta í árekstrinum. Þegar litið er til umræddrar skýrslu um þyngdarkrafta árekstursins verður ekki hjá því litið að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur t.d. fyrir mat dómkvadds matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað eða án þess að litið sé til annarra gagna.

Þegar litið er til annarra gagna er hins vegar ljóst að það liggur ekki heldur fyrir sérstakt mat á því hvort orsakatengsl séu milli einkenna sem M lýsir og árekstursins. Eins og áður er greint liggja tvö læknisvottorð fyrir sem lýsa tveimur heimsóknum til læknis eftir tjónsatvikið. Ekki liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um hvort M hafi verið í sérstakri meðferð vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir í árekstrinum eða skýrar upplýsingar um fyrra heilsufar hennar. Í

ljósi þessara takmörkuðu gagna telst vafi um orsakatengsl í þessu máli verulegur. Að öllu virtu tels M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja má til notkunar ökutækisins X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík 11. júní 2013.

---

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.